**Aðgerðaáætlun 2024-2025**

Í þessari aðgerðaáætlun er gerð grein fyrir aðgerðum í framkvæmd stefnu alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands tímabilið 2024-2025 í samræmi við 5. og 9. grein laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Aðgerðaáætlunin er yfirgripsmikil, þó ekki tæmandi, og sýnir hvernig íslensk stjórnvöld ætla að ná fram settum markmiðum í gegnum tvíhliða og fjölþjóðlega þróunarsamvinnu, félagasamtök, starfsemi GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, aðila atvinnulífs og fræðasamfélag. Yfirmarkmið Íslands, sem eru afnám fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífskjör, grundvallast í þeirri sýn að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna skuli náð fyrir árið 2030. Sérstök áhersla er lögð á fjóra málaflokka: i) mannréttindi og jafnrétti kynjanna, ii) mannauð og grunnstoðir samfélaga, iii) loftslagsmál og náttúruauðlindir og iv) mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar. Mannréttindi, jafnrétti kynjanna, umhverfis- og loftslagsmál eru jafnframt þverlæg málefni í starfinu. Undir þessum málaflokkum munu íslensk stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á tiltekin markmið og í aðgerðaáætluninni er gerð grein fyrir aðgerðum og árangursvísum fyrir hvert þeirra. Því til viðbótar eru settar fram aðgerðir og árangursvísar um innra starf. Þess ber að geta að hluti af þróunarsamvinnu Íslands er í formi reglubundinnar fjármögnunar Alþjóðaframfarastofnuarinnar (IDA) sem er sá armur Alþjóðabankans sem veitir lán og styrki til fátækustu ríkjanna. Stuðningur við IDA er heildstæður og stuðlar að framgangi allra heimsmarkmiðanna í takt við þarfir hvers ríkis og er því ekki sérstaklega getið í töflunni hér að neðan.

## Mannréttindi og jafnrétti kynjanna

| Markmið | Aðgerðir | Árangursvísar | Viðmið |
|---|---|---|---|
| **Valdefling kvenna og stúlkna**<br><br>*HM 5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.* | Stuðningur við Stofnun SÞ um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women); tímanleg og fyrirsjáanleg kjarnaframlög | Hlutfall kvenna í:<br>a) þjóðþingum<br>b) sveitarstjórnum<br>c) ríkisstjórnum | Viðmið 2025:<br>a) 30.0%<br>b) 39.0%<br>c) 30.0%<br>*Heimild: Árangursvísar UN Women (HM 5.5.1)* |
| | | Tími sem varið er í ólaunaða vinnu við heimilisstörf og umönnun eftir kyni, aldri og staðsetningu (hlutfall) | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir<br>*Heimild: Árangursvísar UN Women (HM 5.4.1)* |
| | Stuðningur við jafnréttissjóð Alþjóðabankans (Umbrella Facility for Gender Equality, UFGE) | Fjöldi beiðna frá ríkjum um nýja eða aukna aðkomu Alþjóðabankans á sviði jafnréttismála í framhaldi af vinnu á vegum UFGE | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir.<br>Rauntala 2022: 51<br>Rauntala 2021: 41 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | *Heimild:* *Results Framework, Ársskýrsla UFGE* |
| | Stuðningur við griðarastaði sýrlenskra flóttakvenna í Jórdaníu í gegnum Oasis-verkefni Stofnunar SÞ um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) | Fjöldi kvenna og karla sem hafa beinan aðgang að fjárstyrk fyrir vinnu í Oasis-flóttamannabúðum | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir.<br>Viðmið 2023: 4200 á ári (þar af 17% karlar)<br>*Heimild:* *Ársskýrsla verkefnisins* *(vísir 1.2.1)* |
| | | Hlutfall verkefnafjármagns innan mannúðaraðstoðar sem er beint til jafnrétts- og valdeflingarverkefna | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir.<br>Viðmið 2023: 5%<br>*Heimild:* *Ársskýrsla verkefnisins* *(vísir 1)* |
| | Stuðningur við jafnréttissjóð Barnahjálpar SÞ (UNICEF Gender Thematic Fund) | Hlutfall landa með þar sem stúlkum er mismunað á sviði menntunar | Viðmið 2025:<br>Í grunnskóla: 7% (16% 2021)<br>Í gagnfræðiskóla: 18% (33% 2021)<br>Í menntaskóla: 16% (30%  2021)<br>*Heimild:* *Viðauki ársskýrslu verkefnisins* *(vísir 2.1)* |
| | | Hlutfall stúlkna og drengja á grunnskólaaldri sem eru utan skóla | Viðmið 2025:<br>Í grunnskóla:<br>• Stúlkur 7% (12% 2021)<br>• Drengir 5% (9% 2021)<br>Í gagnfræðiskóla:<br>• Stúlkur 11% (20% 2021)<br>• Drengir 12% (21% 2021)<br>*Heimild:* *Viðauki ársskýrslu verkefnisins* *(vísir 2.4)* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Stuðningur á sviði jafnréttismála í Nkhotakota héraði í Malaví (hluti af héraðsverkefni) | Kynjasamþætting þvert á geira í Nkhotakhota héraði | Viðmið 2025: Jafnréttisáætlun héraðsins er til staðar |
| | Stuðningur við Mannréttindaskrifstofu Malaví (Malawi Human Rights Commission) | Geta rannsóknarteymis mannréttindaskrifstofunnar er efld | Viðmið 2025: Verkferlar til að taka við ábendingum um ofbeldismál eru til staðar |
| | Jafnrétti og valdefling kvenna er þverlægt áherslumarkmið í öllum verkefnum í Buikwe | Hlutfall kvenna sem taka þátt í allri ákvarðanatöku og stjórnskipulagi á félagslegum innviðum og veitingu á grunnþjónustu | Viðmið 2025: Að lágmarki 30% af vatns- og hreinlætisnefndum og skólanefndum eru konur<br>*Heimild: verkefnaskjöl* |
| | Efnahagsleg valdefling kvenna og ungmenna í strandbyggðum Buikwe héraðs í Úganda (hluti af héraðsverkefni) | Fjöldi starfsfólks í héraðinu sem fær þjálfun og fræðslu um jafnréttismál og valdeflingu kvenna | Viðmið 2025: 55 starfsmenn héraðs þjálfaðir<br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 5* |
| | | Fjöldi fiskmarkaða byggðir til að styðja við virðiskeðju fiskveiða meðal kvenna og ungmenna | Viðmið 2025: 2 fiskmarkaðir<br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 5* |
| | | Fjöldi kvenna sem njóta góðs af stuðningi verkefnis við vinnslu og sölu fiskiafurða | Viðmið 2025: 10.000 konur og ungmenni<br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 5* |
| | Starfsemi Jafnréttisskóla GRÓ | Fjöldi nemenda sem útskrifast úr 5 mánaða námi við Jafnréttisskóla GRÓ | Viðmið 2024: 25<br>Viðmið 2025: 25<br>Rauntala 2023: 23 |
| | | Fjöldi styttri námskeiða (á vettvangi eða rafrænt) á ári | Viðmið 2024: 5-6<br>Viðmið 2025: 5-6<br>Rauntala 2023: 5 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Stuðningur við samfélagsleg þróunarverkefni Rauða kross Íslands í Síerra Leóne, Malaví og Sómalíu í gegnum rammasamning | Fjöldi einstaklinga sem hlýtur upplýsingar og fræðslu um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna | Viðmið 2024: 1.150.000 einstaklingar (markmiðarammi RKÍ #1c)<br>*Heimild: OMP-skýrsla OHCHR 2022-23, fyrsti árangursvísir* |
| | Stuðningur við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (Office of the High Commissioner of Human Rights, OHCHR) | Fjöldi samstarfsríkja þar sem framfylgni mannréttindastaðla hefur batnað til muna. | Viðmið 2024-2025 liggur ekki fyrir.<br>Viðmið 2023: 83<br>*Heimild: UNHCR 2022-2023 Management Plan* |
| **Aukin borgaraleg réttindi**<br><br>*HM 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.* | Stuðningur við mannréttindasjóð Alþjóðabankans (Human Rights, Inclusion and Empowerment Trust Fund, HRIE) | Fjöldi úthlutaðra verkefnastyrkja á vegum mannréttindasjóðs Alþjóðabankans | Viðmið: 15 árlega<br>Rauntala 2019: 19 styrkir<br>*Heimild: Results framework, Ársskýrsla HRIE 2021* |
| | Stuðningur við mannréttindaskrifstofu Malaví | Aðgerðaáætlun er unnin | Aðgerðaáætlun til staðar |
| | Þátttaka í kosningaeftirliti í samstarfi við Öryggis og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) | Ísland sendir fulltrúa til kosningaeftirlits í aðildarríkjum þegar óskir berast | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir<br>Rauntala 2022: 2 í skammtímaeftirlit, 1 í langtímaeftirlit.<br>Rauntala fyrstu 8 mánuðir 2023: 6 í skammtímaeftirlit. |
| **Bætt lagaleg og félagsleg staða hinsegin fólks**<br><br>*HM 10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna,* | Stuðningur við mannréttindi hinsegin fólks í gegnum alþjóðlega jafnréttissjóðinn (Global Equality Fund, GEF) | Fjöldi mannréttindafrömuða sem hlutu neyðaraðstoð | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir.<br>Rauntala 2020-21: 471<br>*Heimild: Einblöðungur GEF 2021-22* |
| | | Fjöldi einstaklinga frá lágtekju- eða jaðarsettum samfélögum sem hlutu lögfræðiaðstoð eða annan stuðning við þolendur | Viðmið liggur ekki fyrir.<br>Rauntala 2020-21: 2371<br>*Heimild: Einblöðungur GEF 2021-22* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.* | Stuðningur við UN Free and Equal, undirstofnun skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) sem berst fyrir réttindum hinsegin fólks (LGBTI) hvarvetna í heiminum | Einstaklingar og ríki fá upplýsingar um mikilvægi réttinda hinsegin fólks með það að markmiði að berjast fyrir afglæpavæðingu LGBTI-réttinda og vinna gegn ofbeldi og mismunun á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar. | Viðmið ekki fyrir hendi.<br>Upplýsingar: Ársskýrsla UN Free and Equal |
| **Bætt kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi**<br><br>*HM 5.6 Tryggð verði jöfn tækifæri og réttur allra til kynheilbrigðis, eins og samþykkt var með framkvæmdaáætlunum alþjóðaráðstefnunnar um mannfjölda og þróun og kvennaráðstefnunnar í Beijing sem og niðurstöðum skýrslna sem unnar voru í kjölfar ráðstefna þar sem staðan var endurskoðuð.* | Stuðningur við Mannfjöldasjóð SÞ (UN Population Fund (UNFPA)), tímanleg og fyrirsjáanleg kjarnaframlög | Fæðingartíðni barna og unglinga (á aldursbilinu 15-19 ára) per 1.000 stúlkna (IM2) | Viðmið 2025: 39<br>*Heimild: Árangursvísar* UNFPA |
| | | Ómætt þörf fyrir fjölskylduáætlanir (IM5) | Viðmið 2025: 5%<br>*Heimild: Árangursvísar* UNFPA |
| | Stuðningur og samstarf við UNFPA á sviði fistúlu í Malaví, Síerra Leóne og Úganda | Fjöldi kvenna og stúlkna sem gangast undir fistúluaðgerðir á verkefnasvæðum í Malaví: fistúluaðgerðir framkvæmdar á héraðssjúkrahúsum NKK / MG og fistúluaðgerðir framkvæmdar á Bwaila (flóknari aðgerðir) | Viðmið 2024: 20<br>Viðmið 2025: 180<br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 38* |
| | | Fjöldi kvenna og stúlkna sem gangast undir fistúluaðgerðir á verkefnasvæði í Síerra Leóne | Viðmið 2024: 400<br>Viðmið 2025: 400<br>*Heimild: Árangursvísar UNFPA* |
| | | Fjöldi kvenna og stúlkna sem fá endurhæfingu og efnahags- og félagslega valdeflingu í Malaví | Viðmið 2024 og 2025:<br>85% af þeim stúlkum/konum sem fara í fistúluaðgerðir á ári<br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 42* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fjöldi kvenna og stúlkna sem glímdu við fistúlu og fá endurhæfingu og félagslega valdeflingu í Síerra Leóne í kjölfar aðgerðar | Viðmið 2024: 200<br>Viðmið 2025: 200<br>*Heimild: Árangursvísar UNFPA* |
| | **Verkefni í undirbúningi:** Stuðningur við og samstarf við UNFPA á sviði fistúlu í Úganda | | |
| Uppræting kynbundins og kynferðislegs ofbeldis<br><br>*HM 5.2 Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þ.m.t. mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðið og regluverk sem styður við ofbeldi afnumið.* | Stuðningur við Stofnun SÞ um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) í tengslum við upprætingu kynbundins og kynferðislegs ofbeldis; tímanleg og fyrirsjáanleg kjarnaframlög | Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára sem hafa orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi nánum sambandsaðilum á síðustu 12 mánuðum eftir tegund ofbeldis og aldri (HM 5.2.1) | Viðmið liggur ekki fyrir.<br>Rauntala 2018: 12,5%<br>*Heimild: Árangursvísar UN Women* |
| | Samstarfsverkefni Barnahjálpar SÞ (UN Children's Fund (UNICEF)) og Mannfjöldasjóðs SÞ (UN Population Fund (UNFPA)) um upprætingu á kynfæralimlestingum kvenna (UNICEF-UNFPA Joint Programme on the Elimination of Female Genital Mutilation) | Hlutfall stúlkna og kvenna á aldursbilinu 15-49 ára sem hafa verið beittar kynlimlestingum (IM4) | Viðmið 2025:<br>14% í Afríku sunnan Sahara (rauntala 24,7% árið 2021)<br>42% í Norður-Afríku (rauntala 74% árið 2021)<br>*Heimild: Árangursvísar UNFPA* |
| | Stuðningur, ráðgjöf og lögfræðiaðstoð við palestínskar konur í gegnum Women's Centre for Legal Aid and Counselling (WCLAC) | Fjöldi mála þar sem WCLAC hefur veitt þjónustu og ráðgjöf til kvenna | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir.<br>Rauntala 2022: 410<br>*Heimild: Ársskýrsla WCLAC 2022* |
| | Stuðningur við úrræði kvenna í heilbrigðismálum í Palestínu í gegnum Palestinian Medical Relief Society (PMRS) | Fjöldi einstaklinga sem hlutu aðstoð í gegnum kvenheilsuverkefni PMRS (Women's Health Program) | Viðmið liggur ekki fyrir.<br>Rauntala 2021: 109.146<br>*Heimild: Ársskýrsla kvenheilsuverkefnis PMRS 2021* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Buikwe héraði í Úganda til að bregðast við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi (hluti af héraðsverkefni) | Aðgerðaáætlun héraðsins gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi er unnin. | Viðmið 2025: Áætlun til staðar<br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 23* |
| | | Fjöldi einstaklinga sem fá þjálfun í viðbrögðum gegn kynferðislegu- og kynbundnu ofbeldi | Viðmið 2025: 658 einstaklingar (duty bearers og rights holders) fá þjálfun<br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 23* |
| | | Uppbygging innviða sem styðja við aðgerðaáætlun | Viðmið 2025: Eitt GBV athvarf (shelter) byggt<br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 23* |
| | Stuðningur við héraðsyfirvöld í Nkhotakota héraði í Malaví til að bregðast við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi (hluti af héraðsverkefni) | Aðgerðaáætlun er unnin og viðeigandi ferlar (kæru/kvörtun) eru til staðar til að taka á málum tengdum kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi | Viðmið 2024: Aðgerðaætlun og ferlar eru til<br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 23* |
| | Stuðningur við Barnaheill á Íslandi til að bregðast við og vernda börn gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi í skólum í Síerra Leóne | Fjöldi haghafa | 2025: Viðmið 10127 einstaklingar<br>Heimild: Verkefnaskjal CS Rights to be a child |
| | **Verkefni í undirbúningi:** Stuðningur við héraðsyfirvöld í Namayingo héraði í Úganda til að bregðast við kynferðislegu ofbeldi (hluti af héraðsverkefni) | | |
| **Aukin þátttaka karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna**<br>*HM 5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.* | Stuðningur við HeforShe verkefni Stofnunar SÞ um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) | Fjöldi samstarfsverkefna/fjöldi einstaklinga sem hefur náðst hefur til með þekkingar- og hegðunarumbreytingaskilaboðum í þágu þátttöku karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti | Viðmið liggur ekki fyrir.<br>2022: 11 milljónir karlar (rauntala HeForShe JustSayBro-verkefnisins)<br>Heimild: Ársskýrsla HeForShe-verkefnisins. |
| | Almennur stuðningur við Stofnun SÞ um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) í þágu aukinnar | Fjöldi ríkja/annarra aðila sem hafa myndað sér umfangsmiklar og | Viðmið 2025: 44 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | þátttöku karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti | samhæfðar áætlanir um fyrirbyggingu ofbeldis gegn konum | *Heimild: Heimild: Árangursvísar UN Women* *(vísir 0.3.3)* |

## Mannauður og grunnstoðir samfélaga

| Markmið | Aðgerðir | Árangursvísar | Viðmið |
|---|---|---|---|
| **Bætt menntun, námsumhverfi og næring barna og ungmenna**<br><br>*HM 4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun*<br><br>*HM 4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.* | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Buikwe, Úganda | Fjöldi barna sem njóta góðs af bættu menntunarumhverfi (þ.a.l. bættri menntun) | Viðmið 2025: 26.000 nemendur<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal, Buikwe menntun bls. v* |
| | | Fjöldi skólastofa (og annarra bygginga) sem eru byggðar til að bæta menntaumhverfi | Viðmið 2025: 14 skólastofur (tveir skólar með sjö skólastofum)<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal, Buikwe menntun bls. v* |
| | | Fjöldi kennara sem fær þjálfun | Viðmið 2025: 470 kennarar í 47 grunnskólum fá símenntun, 100 kennarar fá styrk til diplómanáms<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal, Buikwe menntun bls. V* |
| | | Fjöldi nemenda sem fær aðgang að viðeigandi námsgögnum í skólastofum | Viðmið 2025: 10.000 námsbækur afhentar, 120 tölvur<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal, Buikwe menntun bls. v* |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Malaví (Nkhotakota) | Fjöldi barna sem njóta góðs af bættu menntunarumhverfi (þ.a.l. bættri menntun) | Viðmið 2025: 8486 (4159 drengir og 4327 stúlkur) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | *Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðsverkefni* |
| | | Skiptiaðstaða fyrir stúlkur a blæðingum | Viðmið 2025: 10 skiptiklefar<br>*Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðsverkefni* |
| | | Fjöldi skólastofa sem eru byggðar | Viðmið 2025: 19 skólastofur<br>*Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðsverkefni* |
| | Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Malaví (Nkhotakota) | Fjöldi barna með aðgang að leikskólum | Viðmið 2025: 210<br>*Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðsverkefni* |
| | | Fjöldi leikskóla sem eru byggðir | Viðmið 2025: 3<br>*Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðsverkefni* |
| | Samstarfsverkefni með UNICEF í grunnmenntun í Síerra Leóne | Fjöldi barna (stúlkur og drengir) með aðgang að leikskólum | Viðmið 2025: 350 stúlkur og drengir<br>*Heimild: Verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |
| | | Fjöldi leikskóla sem eru byggðir | Viðmið: 3<br>*Heimild: Verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |
| | Stuðningur við tíðarheilbrigði stúlkna í skólum (samstarf við UNICEF) í Síerra Leóne | Fjöldi skóla þar sem aðgengi að tíðarheilbrigðisvörum er bætt | Viðmið 2025: 8 skólar<br>*Heimild: verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fjöldi stúlkna sem hljóta þjálfun og bættan aðgang að tíðarheilbrigðisvörum | Viðmið 2025: 2.350 stúlkur<br>*Heimild: verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |
| | Samstarfsverkefni með WFP í Malaví á sviði heimaræktaðra skólamáltíða | Fjöldi barna (stúlkur og drengir) sem fá næringarríka máltíð í skólum vegna verkefnisins | Viðmið 2024-2025 ekki til staðar.<br>*Heimild: Verkefnaskjal fyrir HGSF í samstarfi við WFP* |
| | | Fjöldi skráðra bændasamvinnusamtaka (cooperatives) sem rækta og selja matvæli til verkefnisins | Viðmið: TBC<br>*Heimild: Verkefnaskjal fyrir HGSF í samstarfi við WFP* |
| | Stuðningur við Barnahjálp SÞ (UN Children's Fund (UNICEF)), tímanleg og fyrirsjáanleg kjarna framlög. | Hlutfall barna sem eru með læsi, talnalæsi, lærdómshæfni og tilfinningalæsi samkvæmt áætlun | Viðmið 2030: 100%<br>Rauntala 2021: 71%<br>*Heimild: Árangursrammi UNICEF (HM 4.2.1)* |
| | Stuðningur við valdeflingar verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda í gegnum rammasamning | Fjöldi ungmenna sem hljóta starfsþjálfun | 2024: Viðmið 2.000 ungmenni<br>*Heimild: Verkefnaskjal HK YEP* |
| | Stuðningur við SOS Barnaþorpin á Íslandi í gegnum rammasamning um þróunarsamvinnu | Fjöldi barna og ungmenna sem hljóta aðgang að menntun í gegnum verkefni SOS í Malaví | Viðmið 2025: 1.100 börn<br>*Heimild: Rökrammi, SOS Malawi, 2022.* |
| | Stuðningur við menntainnviðaverkefni Menningarmálastofnunar SÞ (Capacity Development for Education, UNESCO) | Fjöldi kennara og menntunarstarfsfólks sem hljóta þjálfun til að bæta færni nemenda | Viðmið 2022-2025: 23.981 (44% kvk.)<br>Rauntala 2022: 2.422 (37% kvk.)<br>*Heimild: Árangursskýrsla CapED-verkefnisins 2022 (vísir 1.7)* |
| | **Verkefni í undirbúningi**: næsti fasi samstarfsverkefnis í grunnmenntun í Namayingo (2024-2026). | | |
| | **Verkefni í undirbúningi:** stuðningur við tíðaheilbrigði stúlkna í skólum í Buikwe í Úganda (Women Uganda). | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Aðgangur að bættri grunnheilbrigðisþjónustu, með áherslu á mæður og börn**<br>*HM 3.1 Eigi síðar en árið 2030 verði dauðsföll af völdum barnsburðar í heiminum komin niður fyrir 70 af hverjum 100.000 börnum sem fæðast á lífi.*<br>*HM 3.2 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir nýburadauða og andlát barna undir fimm ára aldri, sem unnt er að afstýra, og stefnt að því að öll lönd nái tíðni nýburadauða niður í 12 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi og dánartíðni barna undir fimm ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi.* | Samstarfsverkefni í heilbrigðismálum í Malaví (Nkhotakota hérað) | Fjöldi kvenna og stúlkna með bætt aðgengi að mæðra- og kynheilbrigðisþjónustu | Viðmið 2025: 20.000<br>*Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðs-verkefni* |
| | | Fjöldi barna undir 1 árs aldri (eftir kyni) með aðgengi að bættri heilbrigðisþjónustu | Viðmið 2025: 5.000<br>*Heimild: Verkefnaskjal, Nkhotakota héraðs-verkefni* |
| | Samstarfsverkefni í heilbrigðismálum í Malaví (Mangochi hérað) | Fjöldi kvenna og stúlkna með bætt aðgengi að mæðra- og kynheilbrigðisþjónustu | Viðmið 2024 – Mangochi: 15.000 konur<br>Viðmið 2025 – **Makanjira:** 50.000 konur<br>*Heimild: Verkefnaskjal Mangochi hé-raðsverkefni* |
| | | Fjöldi barna undir 1 árs aldri (eftir kyni) með aðgengi að bættri heilbrigðisþjónustu | Viðmið 2024 – Mangochi: 8.000 börn<br>Viðmið 2025 - Makanjira: 10.000 börn<br>*Heimild: Verkefnaskjal Mangochi hé-raðsverkefni* |
| | Almennur stuðningur í formi kjarnaframlags við Mannfjöldasjóð SÞ (UN Population Fund, UNFPA) í þágu bættrar grunnheilbrigðisþjónustu | Tíðni mæðradauða per 100.000 fæðinga (á heimsvísu) (IM1) | Viðmið 2025: 124<br>Rauntala 2017: 211<br>*Heimild: Árangursvísar UNFPA* |
| **Aðgangur að hreinu vatni og bættri hreinlætisaðstöðu** | Samstarfsverkefni í vatns- og hreinlætismálum í Úganda (Buikwe) | Fjöldi fólks með bætt aðgengi að vatni í Buikwe héraði | Viðmið 2025: 80% af heimilum/íbúum þorpa, eða 40.000 manns<br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 61* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *HM 6.1. Eigi síðar en árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði hvar sem er í heiminum*<br><br>*HM 6.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan aðgang að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu og enginn þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.* | | Fjöldi skólabarna með bætt aðgengi að vatni við skóla í Buikwe | Viðmið 2025: 25.000 skólabörn<br><br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 61* |
| | | Fjöldi þorpa/svæða í Buikwe sem hafa viðeigandi salernis og hreinlætisaðstöðu (ODF). | Viðmið 2025: 78 þorp<br><br>*Heimild: verkefnaskjal bls. 61* |
| | Samstarfsverkefni í vatns- og hreinlætismálum í Malaví (Nkhotakota) | Fjöldi fólks með bætt aðgengi að vatni í Nkhotakota | VIðmið 2025: 40% íbúa á verkef-nasvæðum<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 43* |
| | | Fjöldi skólabarna með bætt aðgengi að vatni við skóla í Nkhotakota | Viðmið 2025: 5.000 börn<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 43* |
| | | Fjöldi svæða sem hafa hlotið viðurkenningu fyrir viðeigandi salernis og hreinlætisaðstöðu í Nkhotakota héraði | Viðmið 2025: 4 sveitarfélög<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls. 47* |
| | Samstarfsverkefni í vatns- og hreinlætismálum í Síerra Leóne með UNICEF | Fjöldi fólks (eftir kyni) með bætt aðgengi að vatni | Viðmið 2025: 31.684 einstaklingar<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |
| | | Fjöldi samfélaga með viðeigandi salernis og hreinlætisaðstöðu (ODF) | Viðmið 2025: 8<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |
| | | Fjöldi barna (stúlkur og drengir) í skólum með aðgengi að viðunandi hreinlætis og salernisaðstöðu | Viðmið 2025: 4.553<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal UNICEF í Síerra Leóne* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Samstarfsverkefni með UNICEF í flóttamannabyggðum í Úganda (NEXUS) | Fjöldi heilsugæsla með bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu | Viðmið 2025: 6<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls 1 og 7* |
| | | Fjöldi fólks sem nýtur góðs af bættu aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu á heilsugæslum | VIðmið 2025: 30.676<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls 1 og 7* |
| | | Fjöldi skóla með bætt aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu | Viðmið 2025: 30<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls 1 og 7* |
| | | Fjöldi nemenda (eftir kyni) sem nýtur góðs af bættu aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu | Viðmið 2025: 14.325 (7.650 stúlkur, 6.674 drengir)<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal bls 1 og 7* |
| | **Verkefni í undirbúningi:** Verkefnastoð á sviði vatns og hreinlætismála í Namayingo, Malaví 2024-2026 | | |

## Loftslagsmál og náttúruauðlindir

| Markmið | Aðgerðir | Árangursvísar | Viðmið |
|---|---|---|---|
| Bætt mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga<br><br>*HM 13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.* | Stuðningur við Græna loftslagssjóðinn og ákvörðun um aukinn stuðning fyrir annað fjármögnunar tímabil sjóðsins 2024-2027 | Minnkun í losun koltvísýrings í tonnum (tCO2eq) vegna verkefna á vegum Græna loftslagssjóðsins | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br><br>Rauntala 2022: 46,2 m. tCO2eq.<br><br>*Heimild: Úttekt á Græna loftslagssjóðnum* |
| | | Fjöldi samþykktra verkefna / fjöldi ríkja sem hafa fengið stuðning / veitt fyrirgreiðsla í USD | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br><br>Rauntala 2022 (GCF –1): |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | 209 verkefni / 128 ríki / 11,4 milljarðar USD<br><br>*Heimild: GCF Progress Report 2020-2023* |
| | Stuðningur við Aðlögunarsjóðinn á grundvelli samnings sem rennur út 2024 | Fjöldi samþykktra verkefna | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br><br>Viðmið 2022: 132<br><br>*Heimild: Annual Performance Report 2022* |
| | | Upphæð styrkja til verkefna | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br><br>Viðmið 2022: 790,2 milljónir USD<br><br>*Heimild: Annual Performance Report 2022* |
| | | Aukin viðbragðsgeta og minni óstöðugleiki samfélaga þegar kemur að því að takast á við áhrif loftslagsbreytinga. Tala beinna viðtakenda. | Viðmið 2022: 10,65 milljónir viðtakenda.<br><br>*Heimild: Performance Report* |
| | Áframhaldandi stuðningur við Norræna þróunarsjóðinn NDF á grundvelli ákvörðunar um endurfjármögnun sjóðsins 2020-2030 | Fjöldi lausna (disaster risk management adoption strategies, plans and/or weather and early warning system/services) komið á fót til að auka aðlögunarhæfni | Viðmið 2025: 195<br>Rauntala 2021: 72<br><br>*NDF Results Report 2022* |
| | | Fjöldi einstaklinga sem njóta góðs af lausnum til að auka aðlögunarhæfni | Viðmið 2025: 206,9 milljónir<br>Rauntala 2021: 5,1 milljónir<br><br>*NDF Results Report 2022* |
| | Stuðningur við Climate Promise, sjóð á vegum UNDP sem aðstoðar | Fjöldi ríkja sem fá stuðning við að framkvæma loftslagsaðgerðir, leita | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | framkvæmd Loftslagsáætlana í þróunarríkjum á grundvelli samnings í gildi til 2024 | fjárfestinga í loftslagsaðgerðir og forgangsröðun aðgerða | Rauntala 2022: 120<br><br>*Heimild: Climate Promise Global Progress Report 2022* |
| | Áframhaldandi stuðningur við Systematic Observation Finance Facility SOFF sem aðstoðar fátækustu ríki í að bregðast við veðurhamförum sem afleiðing loftslagsbreytinga á grundvelli samnings til 2024 | Fjöldi ríkja sem fá stuðning við að styrkja innviði til veðurathugana e. Global Basic Observing Networks | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir. Viðmið 2022/2023: 26 ríki frá Afríku, Asíu, Kyrrahafi og Rómönsku Ameríku<br><br>*Heimild: SOFF implementation progress* |
| | Stuðningur við samfélög í Nkhotakota héraði í Malaví | Fjöldi trjáa sem eru gróðursett í Nkhotakota | Viðmið 2025: 200.000 tré<br><br>*Heimild: verkefnaskjal bls 60, tafla 3.8.2* |
| | Stuðningur við trjáræktarverkefni Rauða kross Íslands í Síerra Leóne í gegnum rammasamning um þróunarsamvinnu | Fjöldi trjáa sem eru gróðursett í gegnum verkefnið | Viðmið 2024: 3.000.000 tré<br><br>*Heimild: Rökrammi frá RKÍ output 2.1* |
| | Stuðningur við samfélagsleg verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví og Eþíópíu gegn loftslagsbreytingum í gegnum rammasamning um þróunarsamvinnu | Fjöldi heimila sem njóta góðs af bættri mótvægis og aðlögunaraðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Til að mynda með bættri lífsafkomu og viðnámsþrótti. | Viðmið 2024/2025: samtals 7.151 heimili<br><br>Þar af:<br><br>4.500 heimili í Malaví.<br><br>*Heimild: Rökrammi HK MCLRSP 2023-2025*<br><br>2.651 heimili í Eþíópíu<br><br>*Heimild: verkefnaskjal HK Kebribeyah 2021-2024* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Stuðningur við samfélög í Buikwe héraði í Úganda (samþætt inn í héraðsverkefnin) | Fjöldi innviða sem samþætta viðbrögð vegna loftslagsbreytinga | Viðmið 2025:<br>Tré gróðursett við tvo skóla<br>Eitt skólaeldhús með orkusparandi eldavélum<br>*Heimild: Verkefnaskjal* |
| | **Verkefni í undirbúningi:** Verkefni sem styðja við aðgerðaáætlun yfirvalda í Buikwe og Namayingo héruðum í Úganda varðandi loftslagsmál. | | |
| **Aukin nýting og jafnt aðgengi að endurnýjanlegri orku**<br>*HM 7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega* | Stuðningur við ESMAP, orkusjóð Alþjóðabankans með kjarnaframlagi og útsendum sérfræðingi. | Fjármagn virkjað til að bæta aðgengi að rafmagni með endurnýjanlegri orku (gegnum IDA, IBRD, loftslagsfjármögnun, samstarfslönd, aðra samstarfsaðila og einkageira) | Viðmið tímabilið 2021-2024: 30 milljarðar bandaríkjadala, þar af 10 frá einkageira.<br>Uppsafnaður árangur 2021-2022: 9,6 milljarðar dala, þar af 1,5 frá einkageira<br>*Heimild: ESMAP Annual Report 2022 (Outcome Indicator 1.4)* |
| | Stuðningur við samstarfsstofnanir á sviði endurnýjanlegrar orku í formi íslenskrar sérþekkingar | Fjöldi nýrra samstarfsverkefna á sviði endurnýjanlegrar orku í gegnum ráðgjafalista | Viðmið 2024: 7 verkefni<br>Viðmið 2025: 8 verkefni<br>Rauntala 2022: 2 verkefni<br>*Heimild: samantekt utanríkisráðuneytisins* |
| | Stuðningur orku og umhverfissjóð NDF fyrir Afríku (EEP Africa Energy and Environment Trust Fund) | Hrein orka framleidd árlega fyrir tilstilli studdra verkefna | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br>Rauntala 2022: 3,3 GWh<br>*Heimild: EEP Africa Annual Report 2022* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fjöldi fólks með aukinn aðgang að orku fyrir tilstilli studdra verkefna | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar<br><br>Rauntala 2022: 145,700<br><br>*Heimild: EEP Africa Annual Report 2022* |
| | Starfsemi Jarðhitaskóla GRÓ | Fjöldi nemenda sem útskrifast úr 6 mánaða námi við Jarðhitaskóla GRÓ. | Viðmið 2024: 25<br><br>Viðmið 2025: 25<br><br>Rauntala 2023: 24 |
| | | Fjöldi styttri námskeiða 5-7 dagar (á vettvangi eða rafrænt) á ári. | Viðmið 2024: 7-11<br><br>Viðmið 2025: 7-11<br><br>Rauntala 2023: 5 |
| | Stuðningur við Sjálfbæra Orku fyrir alla (Sustainable Energy for All, SEforALL) | Hlutfall íbúa með aðgang að orku (HM 7.1.1) | Viðmið 2024/2024 ekki til staðar<br><br>Rauntala 2021: 91,4% (heimurinn) / 50,1% (Afríka Sunnan Sahara)<br><br>*Heimild: UN SG´s Progress Report 2023, Statistical annex.* |
| | | Endurnýjanleg orka sem hlutfall af heildar orkuneyslu (HM 7.2.1) | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br><br>Rauntala 2020: 19,12% (heimurinn) / 70,83% (Afríka Sunnan Sahara)<br><br>*Heimild: UN SG´s Progress Report 2023, Statistical annex.* |
| | Samstarf við EnDev í Malaví | Fjöldi sólarknúinna rafmagnskerfa sem sett eru upp í skólum og á heilsugæslum | Viðmið 2024: Sólarorka í 58 skólum og 4 heilsugæslum í Nkhotakota<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal.* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fjöldi orkusparandi eldhlóða sem settar eru upp í skólum | Viðmið 2024: 12 skólar með orkusparandi eldhlóðir<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal* |
| | Samstarf við héraðsyfirvöld í Buikwe á sviði endurnýjanlegrar orku | Fjöldi vatnsveita og skóla sem nota endurnýjanlega orku | 2025 viðmið: Allar vatnsveitur nota sólarorku og allar skólastofur og húsnæði kennara með sólarknúin rafmagnskerfi<br><br>*Heimild: Verkefnaskjal* |
| **Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna**<br><br>*HM 14.2 Eigi síðar en árið 2030 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans* | Stuðningur við PROBLUE, sjóð Alþjóðabankans um verndun hafs og vatna og sjálfbæra nýtingu þeirra með kjarnaframlagi og útsendum sérfræðingi. | Verkefni á vegum Alþjóðabankans sem stuðla að því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi í bláa hagkerfinu. | Viðmið 2026: 80<br>Rauntölur 2021: 0<br>Rauntölur 2022: 4<br><br>*Heimild: Results Framework, Ársskýrsla ProBlue* |
| | | Verkefni á vegum Alþjóðabankans sem stuðla að því að fjölga svæðum er beita sjálfbærri stjórnun fiskveiða. | Viðmið 2026: 25<br>Rauntölur 2021: 8<br>Rauntölur 2022: 4<br><br>*Heimild: Results Framework, Ársskýrsla ProBlue.* |
| | Starfsemi Sjávarútvegsskóla GRÓ | Fjöldi nemenda sem útskrifast úr 6 mánaða námi við Sjávarútvegsskóla GRÓ. | Viðmið 2024: 26<br><br>Viðmið 2025: 25<br><br>Rauntala 2023: 22 |
| | | Fjöldi styttri námskeiða 5-7 dagar (á vettvangi eða rafrænt) á ári. | Viðmið 2024: 4<br><br>Viðmið 2025: 4-5<br><br>Rauntala 2023: 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Stuðningur við Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) | Hlutfall sjálfbærra fiskveiða af vergri landsframleiðslu (VLF) í smáum eyríkjum, fátækustu löndunum og öðrum löndum (HM 14.7.1) | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir<br>Rauntala 2019:<br>0,097% á heimsvísu<br>0,882% í fátækustu ríkjunum<br>0,459% í smáum eyríkjum<br>*Heimild: HM 14.7.1* |
| | **Verkefni í undirbúningi**: Stuðningur á sviði bláa hagkerfisins og fiskveiðistjórnunar í Síerra Leóne. | | |
| Sjálfbær landnýting og endurheimt vistkerfa<br>*HM 15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim* | Starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ | Fjöldi nemenda sem útskrifast úr 6 mánaða námi við Landgræðsluskóla GRÓ | Viðmið 2024: 23<br>Viðmið 2025: 24<br>Rauntala 2023: 23 |
| | | Fjöldi styttri námskeiða 5-7 dagar (á vettvangi eða rafrænt) á ári. | Viðmið 2024: 2<br>Viðmið 2025: 2<br>Rauntala 2023: 1 |
| | Stuðningur við Eyðimerkursamning SÞ (UN Convention to Combat Desertification, UNCCD) | Breytingar á framleiðni eða notkun lands (árangursvísir 1.2) | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar. |

## Mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar

| Markmið | Aðgerðir | Árangursvísar | Viðmið |
|---|---|---|---|
| | Mannúðaraðstoð | | |
| **Draga úr hungri og stuðla að fæðuöryggi** | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við Matvælaáætlun S.þ. (WFP). Kjarnaframlög og framlög skv. | Hlutfall fólks sem býr við alvarlegt fæðuóöryggi og WFP veitir aðstoð | Viðmið 2025: 50%<br>Rauntala 2022: 35% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *HM 2.1 Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið um kring* | langtímaáheitum til verkefna WFP í Afganistan, Jemen, Sýrlandi og á Mið-Sahelsvæðinu. | | *Heimild: Árangursvísar WFP* |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við Neyðarsjóð S.þ. (CERF) | Hlutfall úthlutana úr Neyðarsjóðnum sem nýtt er til að bregðast við aðkallandi neyð | Viðmið liggur ekki fyrir<br><br>Rauntala 2022: 98%<br><br>*Heimild: Ársskýrsla CERF* |
| **Verndun og bætt lífskjör fólks á flótta**<br><br>*HM 16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum* | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við Flóttamannastofnun S.þ. (UNHCR). Kjarnaframlög og framlög skv. langtímaáheitum til verkefna UNHCR í Afganistan, Jemen, Sýrlandi og á Mið-Sahelsvæðinu. | Hlutfall flóttafólks sem hefur aðstöðu til stunda atvinnu | Viðmið liggur ekki fyrir.<br><br>*Heimild: Árangursvísar UNHCR (GRF) – vísar 2.1.1., 2.2.2* |
| | | Hlutfall flóttafólks og íbúa hýsiríkis þeirra sem búa undir fátæktarmörkum í viðkomandi landi | Viðmið liggur ekki fyrir.<br><br>*Heimild: Árangursvísar UNHCR (GRF) – vísar 2.1.1., 2.2.2* |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við Palestínuflóttamannaaðstoð S.þ. (UNRWA) | Fjöldi fátæks fólks sem fær fjárhagsstuðning gegnum Social Safety Net Programme (SSNP) | Viðmið liggur ekki fyrir<br><br>Áætlun 2023: 1.643<br><br>*Heimild: Árangursvísar UNRWA, vísir 5.1.1.a* |
| | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) | Fjöldi fjölskyldna sem sameinaðar eru á ný. | Viðmið liggja ekki fyrir<br><br>Rauntala 2022: 957<br><br>*Heimild: Ársskýrsla ICRC* |
| | | Heimflutningur á einstaklingum, lífs og liðnum, yfir víglínur og landamæri | Viðmið liggja ekki fyrir.<br><br>Rauntölur 2022: 1.125/641<br><br>*Heimild: Ársskýrsla ICRC* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Að framlög Íslands stuðli að bættu mannúðaraðgengi**<br><br>*HM 16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum*<br><br>*HM 16.1. Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.* | Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við Samhæfingarskrifstofu aðgerða S.þ. í mannúðarmálum (OCHA) og við svæðasjóði OCHA. Kjarnaframlög og framlög í svæðasjóði fyrir Afganistan , Jemen, Líbanon, Sýrland, Mið-Sahelsvæðið og Palestínu. | Fjöldi fólks sem ekki fær mannúðaraðstoð eða líður fyrir tafir vegna skorts á aðgengi. | Viðmið liggur ekki fyrir.<br><br>*Heimild: Árangursvísar OCHA* |
| | | Fjöldi daga sem átakasvæði er óaðgengilegt fyrir mannúðaraðstoð | Viðmið liggur ekki fyrir.<br><br>*Heimild: Árangursvísar OCHA* |
| Störf í þágu stöðugleika og friðar | | | |
| **Styrking félagslegra og borgaralegra innviða**<br><br>*HM 16.3 Réttarríkið verði eflt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.* | Stuðningur og samstarf við skrifstofu alþjóðastjórnmála og friðaruppbyggingar hjá SÞ (Department of Political and Peacebuilding Affairs, DPPA) | Fjöldi og hlutfall kvenna sem þátttakendur í formlegum „Track 1“-friðarviðræðum sem eru leiddar eða studdar af SÞ, skilgreindar sem „delegate“, „signatory“, „observer“ eða „mediator“ | Viðmið 2024/2025 liggur ekki fyrir.<br><br>Viðmið 2023: 25%<br><br>*Heimild: Árangursvísar DPPA (vísir 3.3.1)* |
| | Stuðningur við sendifulltrúa á vegum Rauða kross Íslands í gegnum rammasamning | Fjöldi sendifulltrúa RKÍ sem tekur þátt í alþjóðlegri mannúðaraðstoð á ári | Viðmið 2024: 23 sendifulltrúar að meðaltali á ári<br><br>*Heimild: rökrammi RKÍ mannúð, Útkoma 2.ii* |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Virkt lýðræði og bættir stjórnarhættir**<br><br>*HM 16.6 Byggðar verði upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.* | Stuðningur við frjálsa fjölmiðlun og réttindi og öryggi blaðafólks í gegnum UNESCO-verkefnin “tjáningarfrelsi og öryggi blaðafólks” (Multi-Donor Programme on Freedom of Expression and Safety of Journalists (MDP)) og “alþjóðaverkefnið fyrir þróun fjölmiðla” (International Programme for the Development of Communication (IPDC)). | Fjöldi aðildarríkja sem hafa komið á áætlunum um verndun blaðafólks með sérstaka áherslu á öryggi blaðakvenna, miðað við ráðleggingar UNESCO og allsherjarúttektar SÞ um öryggi blaðafólks, og hættur sem stafa af refsileysi | Viðmið 2025: 20<br><br>*Heimild: Áætlun MDP-verkefnisins (vísir PI1 undir „output“ 3)* |
| | | Fjöldi aðildarríkja sem innleiða fjölmiðlaþróunarverkefni og styðja fjölmiðlafrelsi, m.a. í gegnum alþjóðlega útvarpsdaginn (WRD), og fjöldi fjölmiðlasamtaka sem styrkja sjálfstæði sitt og fjölræði. | Viðmið 2024/2025 ekki til staðar.<br><br>Viðmið 2023:<br><br>- 45 lönd (fjölmiðlaþróun)<br>- 137 lönd (WRD)<br>- 35 fjölmiðlar<br><br>*Heimild: Áætlun IPDC (vísir 1 í viðhengi 2)* |
| | Stuðningur við lýðræðislega fjölmiðla í Belarús (EED- Democratically focused civil society & media workers in Belarus) | Framlag til EED í því skyni að styðja við lýðræði í Belarús í gegnum verkefni á vegum þarlendra félagasamtaka og fjölmiðla. | Viðmið ekki til staðar<br><br>*Upplýsingar: Heimasíða* |
| | Stuðningur við samtök í Belarús um alþjóðlega ábyrgðarskyldu (International Accountability Platform for Belarus) | Framlag til IAPB til að gera þeim kleift að vinna með þarlendum félagasamtökum á sviði mannréttinda hvað varðar upplýsingasöfnun og skráningu gagna vegna brota í Belarús | Viðmið ekki til staðar<br><br>*Upplýsingar: Heimasíða AIPB* |

| Sérstök viðfangsefni / innra starf / stefnumótun | | | |
|---|---|---|---|
| Viðfangsefni | Markmið | Aðgerðir | Viðmið |
| **Skilvirkni, árangur og eftirlit** | Að heildstætt árangursstjórnunarkerfi sé til staðar fyrir þróunarsamvinnu Íslands svo hægt sé að meta árangur af starfinu þvert á framkvæmdaleiðir | Heildrænn árangursrammi (e. results framework) mótaður fyrir öll málefnasvið byggt á þróunarsamvinnustefnu | Lok árs 2024 |
| | Kerfi til staðar til að tilkynna grun um i) misnotkun þróunarsamvinnufjár og ii) kynferðislega misneytingu, misnotkun og áreiti | Tilkynningalína á heimasíðu utanríkisráðuneytisins á ensku og íslensku<br><br>Ferlar til staðar til meðferðar og úrvinnslu | Lok árs 2024 |
| | Úttektir áfram heildstæðar og reglubundnar | Úttektarstefna 2024-2028 mótuð og gefin út. | Mitt ár 2024 |
| | Tilmæli Jafningjarýni tekin til greina | Stöðutaka í lok árs 2024 | Lok árs 2024 |
| | | Undirbúningur miðannarrýni 2025 | Lok árs 2025/byrjun árs 2025 |
| **Stefnumótun** | Að rammi utan um starf Íslands sé áfram skýr, í takt við bestu starfshætti og nýja stefnu í þróunarsamvinnu Íslands | Endurmat og uppfærsla á stefnumiðum í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu | Lok árs 2024 |
| | | Endurmat og uppfærsla á stefnumiðum í mannúðaraðstoð | Lok árs 2024 |
| | | Endurmat og uppfærsla á stefnumiðum í tvíhliða þróunarsamvinnu | Lok árs 2024 |
| | | Endurmat og uppfærsla á stefnumiðum í jafnréttismálum | Lok árs 2024 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Endurmat og uppfærsla á stefnumiðum um upplýsingamiðlun, kynningu og fræðslu um þróunarsamvinnu Íslands | Lok árs 2024 |
| | | Gerð stefnumiða um samstarf við aðila atvinnulífs byggt á niðurstöðum úttektar og jafningjarýni OECD/DAC | Lok árs 2024 |
| | | Gerð áætlunar um stuðning við Úkraínu, lögð fram á Alþingi á 154. löggjafarþingi 2024-2025 | Lok árs 2024 |
| | | Framkvæmd nýrrar landsáætlunar um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi | 2024-2025 |
| | | Samráðshópur endurvakinn og námskeið haldin fyrir starfsfólk ráðuneytisins | 2024-2025 |
| Kynningarmál | Fræðslu og kynningarmál áfram markviss | Mótun og eftirfylgni aðgerðaáætlunar byggt á uppfærðum stefnumiðum. | Aðgerðaáætlun mótuð fyrir lok árs 2024. |
| Samstarf við félagasamtök | Áframhaldandi stuðningur við íslensk félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoðar og kynningar- og fræðslumála í gegnum rammasamninga | Endurnýjun rammasamninga við félagasamtök | Rammasamningar við fjögur félagasamtök Lok árs 2024 |
| | | Samstarf og eftirlit með framkvæmd rammasamninga | Samráðsfundir með félagasamtökum tvisvar á ári |
| | | Framkvæma úttekt í tengslum við rammasamninga | Úttekt framkvæmd fyrir mitt ár 2024 |
| | Eflt samstarf íslenskra félagasamtaka við tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands | Fjölgun verkefna íslenskra félagasamtaka í tvíhliða samstarfslöndum | Lok árs 2024/2025 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Sendiráð Íslands eiga í virku samráði við félagasamtök með verkefni í samstarfslöndum | Lok árs 2024/2025 |
| | Eflt samstarf við þróunarsamvinnuskrifstofu OECD (DCD) sem vinnur að málefnum félagasamtaka, þ.m.t. bestu starfsvenjum (DAC Civil Society) | Virk þátttaka á vettvangi þróunarsamvinnuskrifstofu OECD (DCD) á sviði félagasamtaka (DAC Civil Society) | Fundir tvisvar sinnum á ári |
| | Nánara samstarf við félagasamtök í samstarfsríkjum í gegnum tvíhliða sendiráð Íslands | Greining á mögulegum samstarfsleiðum og tækifærum/áskorunum í samstarfi við staðbundin félagasamtök (local CSOs) | Júní 2024 |
| | | Útfærsla á nýjum kafla um samstarf við staðbundin félagasamtök í stefnumiðum um samstarf við félagasamtök | Lok árs 2024 |
| | | Áframhaldandi stuðningur við staðbundin félagasamtök í Malaví á sviði jafnréttis- og mannréttindamála | Lok árs 2024/2025 |
| | | Uppfæra og þýða kynningarefni um samstarf við félagasamtök á heimasíðu Stjórnarráðsins | Lok árs 2024 |
| Samstarf við aðila atvinnulífs | Íslensk sérþekking á sviði jafnréttis-, fiski-, jarðhita- og vatnsaflsmála nýtist í þágu heimsmarkmiðanna | Áframhaldandi fjármögnun tæknilegrar aðstoðar íslenskra ráðgjafa í verkefni alþjóðastofnana í gegnum ráðgjafalista | 2023-2025: 10 ný verkefni á ári<br><br>Rauntala 2022: 4 |
| | Fleiri alþjóðastofnanir nýta sér íslenska sérþekkingu | Kynningarefni uppfært og árlegar kynningar fyrir hverri samstarfsstofnun og íslensku atvinnulífi | 2024-2025 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Styrkja umgjörð samstarfs við atvinnulífið í því skyni að íslensk þekking og einkafjármagn séu virkjuð í þágu þróunarsamvinnu og að verkefnin hafi áhrif. | Vinna úr niðurstöðum úttektar NIRAS og OECD jafningjarýni. | Fyrir lok 2024 |
| | Aukin skilvirkni umsýslu með Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífsins | Kanna hagkvæmni þess að útvista umsóknarferli og yfirferð umsókna en auka hlutverk ráðuneytisins í kynningu á sjóðnum. | 5 kynningarfundir á ári 2024-2025 |
| | | Virkja sendiskrifstofur til ráðgjafar við fyrirtæki og eftirfylgni með verkefnum á vettvangi | 2024-2025 |
| | Aukin meðvitund atvinnulífs um Heimsmarkmiðasjóðinn í því skyni að fjölga umsóknum frá nýjum aðilum | Fræðsluviðburðir um sjóðinn og umsóknarferli tengt hverri auglýsingu þar sem m.a. er horft til þverlægra viðmiða | 2024-2025 |
| | | Vinna með Samtökum atvinnulífsins og Festu i að kynna möguleika einkageirans á verkefnum í þróunarríkjum og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í að hafa áhrif á Heimsmarkmið SÞ | 2024-2025 |
| | Sterkara tengslanet fyrirtækja sem vinna að þróunarsamvinnuverkefnum | Koma á tengingum milli reynslumeiri aðila í þróunarríkjum og nýliða | 2024-2025 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Auknir möguleikar árangursríkra verkefna sem Heimsmarkmiðasjóður hefur styrkt til frekari fjármögnunar úr alþjóðlegum sjóðum | Gera umsóknargögn alþjóðleg. | 2024-2025 |
| | Aukin þátttaka í Norrænu samstarfi um samstarf við einkageirann. | Fylgja eftir tillögum ráðgjafa um norrænt samstarf. | 2024-2025 |
| | | Taka virkan þátt í að móta Norrænt samstarf við einkageirann varðandi uppbyggingu atvinnulífs í þróunarríkjum. | 2024-2025 |